

EÜGENO LANTI

## Úr landi marxískis rétttrúnaðar

### Inngangur að þýðingu

Þjóðleysingjafélagið (La Sennacieca Asocio Tutmonda eða SAT) var stofnað í Prag sumarið 1921 að frumkvæði franska esperantistans Eügeno Lanti og var hann forseti þess frá upphafi til ársins 1933 og meginfrumkvöðull þjóðleysingjastefnunnar.

Lanti lagði áherslu á að það væri ekki sérstakt markmið sambandsins að berjast fyrir útbreiðslu esperantos heldur væri esperanto tæki þess til að berjast fyrir hugsjónum og bættum kjörum óbreyttrar alþýðu á gjörvallri heimsbyggðinni.

Þjóðleysingjafélagið skilgreindi sig sem ópólitískt félag en barðist þó fyrst og fremst fyrir bættum kjörum lágstéttanna án tillits til þjóðernis og félagar í því voru lengst af vinstrimenn úr hópi kommúnista, sósíalista eða anarkista sem lögðu megináherslu á þjóðlausa stéttabaráttu. Þeir töldu mikilvægt að stytta vinnutíma og hefja mannkynið á hærra menningarstig með því að nýta vísindin og gagnrýna hugsun sem best. Fyrir vikið var hvers kyns trú á hefðsannleik eitur í þeirra beinum.

Segja má að meginmarkmið Þjóðleysingjafélagsins séu eftirfarandi:

1. að nota í samskiptum sínum esperanto (hlutlaus tungu) í þágu stéttabaráttu verkalýðs allra þjóða;
2. að auðvelda eftir því sem unnt er samband þátttakenda og rækta þannig með þeim virðingu og mennska samábyrgð;
3. að fræða, kenna og upplýsa þátttakendur svo að þeir verði sem öflugastir og traustastir alþjóðasinnar;
4. að þjóna sem tengiliður milli félagshópa ólíkra málsvæða sem eiga sér sams konar markmið og Þjóðleysingjafélagið;



Ritid  
2. tbl. 20. árg. 2020 (117-124)  
Þýðing

© 2020 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar  
og höfundur greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.20.2.5  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

5. að kynna og styðja eins vel og hægt er við sköpun bókmennta (þýðinga jafnt sem frumsaminna verka) sem spegla hugsjónir félagsins.<sup>1</sup>

Frá upphafi miðaðist félagaskráning við einstaklinga en ekki pólitísk félög einstakra landa. Hugsjón félagsins var að mannkyn allt byggði smám saman eina þjóðlausa veröld þar sem allir nytu sama réttar. Vegna þessa var mikilvægt að hlutlaus tunga yrði samskiptamál alls heimsins en ekki einhver tunga stórveldanna sem veitti því ríki, sem ætti hana að móðurmáli, einstök forréttindi og ýtti áfram undir úlfúð og baráttu milli þjóða. Þá myndi hlutlaust mál ekki ógna menningu og tungumálum annarra þar sem það væri eign allra en menn héldu vitaskuld áfram að tala sitt móðurmál á sínu málsvæði. Að þessu leyti má segja að hlutlaus alþjóðatunga, sem ekki er móðurmál neinnar þjóðar, stuðli einnig að því að varðveita þjóðtungurnar og gefi öllum þjóðum þannig kost á að auðga heimsmenninguna þótt landamæri þjóðríkjanna þurrkuðust líklega smám saman út.

Þórbergur Þórðarson gekk í Þjóðleysingjafélagið árið 1926 og var fyrsti Íslendingurinn sem það gerði. Rússneskir esperantistar voru þá orðnir margir í félaginu þótt enginn Rússi ætti þátt í stofnun þess. Sovétríkin voru þá eina kommúnistíska ríkið í veröldinni og fóru hugsjónir margra þeirra, einkum þó rússneskra esperantista, saman við hugsjónir þjóðleysingja. Stjórnendur esperantohreyfingarinnar í Sovétríkjunum lögðu sig þó smám saman að hugmyndum Stalíns um kommúnismann, þar á meðal Ernest Drezen, forseti Sovéska esperantosambandsins (Sovetlanda Esperantista Unuiĝo eða SEU), sem lagði mikið upp úr því að færa stefnu Þjóðleysingjafélagsins að stefnu Sovétríkjanna og breiða þar með þeirra stefnu út meðal þjóðleysingja um alla heimsbyggðina. Þetta leiddi að lokum til þess að á Þjóðleysingjaþinginu í Amsterdam 1931 varð eins konar klofningur í félaginu og harðlínukommúnistar sögðu sig úr því í hrönnum. Þórbergur var staddur á þessu þingi og lýsir þessum atburði svo í bréfi til Erlendar í Unuhúsi frá Arnheim 22. ágúst 1931:

Frá Ommen hélt ég á SAT-þingið í Amsterdam. Þar var ég viku. Þingið logaði í harðvítugum deilum milli róttækustu kommúnista og hinna. Dvöl hinna róttækustu á þinginu endaði með því, að tveir forkólfar þeirra ruku upp á stóla í fundarsalnum og öskruðu fram runu af ókvæðisorðum á meðan múgurinn pípti og stappaði niður

<sup>1</sup> Sjá „Sennacieca Asocio Tutmonda“, *Vikipedia*, sótt 14 apríl 2019 af [https://eo.wikipedia.org/wiki/Sennacieca\\_Asocio\\_Tutmonda](https://eo.wikipedia.org/wiki/Sennacieca_Asocio_Tutmonda).

fótunum. Síðan gengu þeir af fundi um 30. Þar með er SAT loksins klofnað fyrir fullt og alt. Þessu er öllu stjórnað frá Moskva. Þessir kommúnistar eru þeir ógeðslegustu dogmuþrælar, sem eg hefi séð, flestir svartir, skuggalegir og hræðilega ortodoks á svipinn.<sup>2</sup>

Þórbergur hefur þarna greinilega fremur hallast að hinum eiginlegu Þjóðleysingjum í SAT undir forystu Lantis en „dogmuþrælungum“ rússnesku.

Fylgjendur harðlínukommúnismans í Sovétríkjunum, sem klufu sig frá Þjóðleysingjafélaginu árið 1931, héldu alþjóðlegt þing í Berlín, 20.–21. ágúst árið eftir, þar sem þeir stofnuðu svonefnd Alþjóðasamtök öreiga esperantista (Internacio de Proleta Esperantistaro eða IPE) og komu verkalýðsfélög esperantista í mörgum löndum að stofnun þess. Fulltrúum Sovétríkjanna var þó meinuð þátttaka á þinginu í Berlín af þáverandi valdhöfum þýska ríkisins.

Eftir þetta voru stofnaðar IPE deildir í fjölmörgum löndum og má segja að hugmyndir kommúnismans í Rússlandi hafi ráðið þar meiru en vinstri stefna Þjóðleysingjafélagsins. Þótt esperanto væri vissulega samskiptamál þessara félaga var þar engin áhersla lögð á hina þjóðlausu framtíð heimsins. Einnig voru stofnaðar svokallaðar PEK-deildir á vegum þessara félaga (Proleta Esperanto Korespondado). Þær voru eins konar félög um alþjóðlega kynningu og bréfaskipti hinna vinnandi stétta einstakra landa á esperanto.

Eftir að harðlínukommúnistarnir klufu sig út úr Þjóðleysingjafélaginu sat Lanti áfram sem forseti þess til 1933, en þá sagði hann af sér því embætti á þingi þess í Stokkhólmi og varð eftir það aðeins óbreyttur félagi. Hann var þó áfram brennandi í andanum í baráttunni fyrir hugsjónum félagsins og harður andstæðingur Alþjóðasamtaka öreiga esperantista (IPE) sem áttu þá mest fylgi í Sovétríkjunum. Þetta hvoru tveggja varð til þess að hann fór að gefa út eigið blað, *Herezulo* eða „Trúvillinginn“. Tímaritið kom út á þriggja mánaða fresti frá janúar 1935 til desember 1936. Þar gagnrýndi Lanti stjórnarfarið í Rússlandi harðlega og birti bréf frá sovískum esperantistum sem höfðu barist fyrir byltingunni á sínum tíma en litu á stjórnarfar Stalíns sem ennþá meiri harðstjór en var á dögum keisaraveldisins. Það var einmitt í ágústmánuði árið 1935 sem fyrsta blað íslensku IPE-deildarinnar á Íslandi kom út og er í upphafi þess gerð rækileg grein bæði fyrir IPE og PEK í formála þess sem skrifaður er á íslensku.<sup>3</sup> Á þessu ári gaf Þórbergur

<sup>2</sup> Þórbergur Þórðarson, „Bréf til Erlendar Guðmundssonar, Arnheim, 22. ágúst 1931“, *Lbs 5 NF – Erlendar Guðmundsson. AA Bréf til Erlendar Guðmundssonar*, 4. *askja*, örk 3.

<sup>3</sup> Um þetta efni fjalla ég mun ítarlegar í kafla um Þórberg og Þjóðleysingjastefnuna í riti mínu um esperantotímabil höfundarins og er hér sótt nokkuð í þá umfjöllun.

jafnframt út *Rauðu þettuna*, bókina um Rússlandsferð sína árið áður. Hann er þá greinilega orðinn mjög hrifinn af stjórnarfarinu þar og telur að þeir vankantar sem á því eru, eins og til dæmis hinn mikli launamunur, séu tíma-bundnir og leysist þegar kerfið komist í rétt horf.

Þórbergur hefur einnig á þessu ári fengið fyrsta heftið af *Herezulo*, þar sem Lanti skrifar langa grein um þjóðleysingjastefnuna og andstæðurnar milli hennar og þjóðernisstefnunnar, sem ætíð leiði til undirokunar einstakra þjóðabrota, og skilningsleysis þeirra, sem berjast fyrir kommúnism-anum í Rússlandi, á þeim mun. Einnig birtir Lanti þar kafla úr bréfi frá rúss-neskum esperantista, sem hann kallar „El la marksisma ortodoksejo“ (Úr landi marxískis rétttrúnaðar) og eru það þeir kaflar sem eru birtir hér á eftir í íslenskri þýðingu, með skýringum Lantis skáletruðum.<sup>4</sup>

Þórbergur fylgdi vissulega stefnu Stalíns eftir Rússlandsferð sína þrátt fyrir hina hörðu gagnrýni Lantis og þjóðleysingja í Sovétríkjunum á sjakalis-mann í Stalínú, sem kemur fram með ótvíræðum hætti í bréfinu. Þórbergur gagnrýndi þó aldrei þjóðleysingjastefnuna í skrifum sínum og eftir seinni heimsstyrjöldina, þegar ljóst var hversu hatramma afstöðu Stalín hafði tekið til esperantos, fer hann að gagnrýna þá stefnu hans og afstöðu annarra ríkja í Sovétríkjunum gegn alþjóðatungunni sem hann kennir ófullkomleika mannanna. Hann er þó áfram sósíalisti í anda þjóðleysingjastefnunnar og einkunnarorð hans eru sú gagnrýna hugsun sem fram kemur í þessum orð-um Eddukvæða og hann vitnar oft til: „Sjálfur leið þú sjálfan þig.“

*Kristján Eiríksson*

## *Úr landi marxískis rétttrúnaðar*

*Lesendur okkar vita áreiðanlega nú þegar að marxisminn í Sovétríkjunum er orðinn að opinberri trúarsetningu sem skylda er að innræta allri þjóðinni og jafnvel litlum börnum að boði Stalíns. En kannski vita þeir ekki að þetta miðaldabugarfar kallar ánaud og þrældóm yfir fjölda fólks í ríkinu.*

*Þrátt fyrir ofurstranga ritskoðun fáum við annað slagið í bendur bréf sjálfstætt þenkjandi manna, hugrakkra trúvillinga, sem láta óspart í ljós vandletningu sína og segja frá þjáningum sínum. Fyrir skömmu barst mér langt kveinstafa-bréf, sem*

Kristján Eiríksson, *Lifandi mál lifandi mann. Um esperantotímabil Þórbergs Þórðar-sonar*, Reykjavík: JPV, 2020, bls. 49–75, hér einkum bls. 64 og 52–54.

<sup>4</sup> Við þýðinguna hefur verið stuðst við frumútgáfu textans: *Herezulo. Sendependa revuo por batalado kontraŭ ĉiajn dogmojn*. Nr. 1 Trimonata Januaro-Marto 1935. Redaktas k. adminastras Esperanto, 14, av. de Corbéra, Paris-12e.

*ég vildi gjarnan birta í heild sinn ef pláss leyfði. En lesendur geta þó áttað sig á hinum hræðilegu aðstæðum vina okkar í Stalínú út frá eftirfarandi tilvitnunum.*

„... Undanfarið hafa miklir atburðir orðið í landi okkar, sem sýna öreigum heimsins að við lifum í rauninni í „frjálssasta ríki jarðarkringlunnar“. Það gerðist til dæmis fyrir skömmu að skipverji á herskipi, N. Barankov, hljópst á brott af skipi sínu í pólskri höfn í Gdyna og var hann dæmdur til dauða af þeim sökum og ættingjar hans handteknir og eignir þeirra gerðar upptækar. Annar sjómaður, Bondarenko, sem aðeins vildi hlaupast á brott úr sovésku paradísinni til hins pólska helvítis, var einnig dæmdur til dauða og örlög ættingja hans urðu hin sömu og ættingja Barankovs. Annar háseti á herskipinu hlaut tíu ára fangelsisdóm fyrir það eitt að hafa vitað af áformum Bondarenkos en látið hjá líða að kæra hann fyrir stjórnendum skipsins. ... Menn ættu að bera saman hvaða refsingu þeir hefðu hlotið fyrir sams konar glæpi undir hinni blóðþyrstu stjórn keisaranna. Á friðartímum, ekki á stríðstímum, var þeim sem hlupust undan merkjum refsað með sex mánaða herþjónustu í sérstöku heragafylki fyrir fyrsta brot. Þá var aðeins hinum seka refsað en ekki ættingjum hans.

Félagar! Ég blygðast mín fyrir að lofa hina bölvuðu stjórn á tíma keisaranna, sem við börðumst á móti og fórnudum lífi okkar í þeim hildarleik. Vegna þessa eru hjörtu okkar við það að bresta af gremju, þegar vér sjáum að núverandi sjakala-stjórnendur<sup>5</sup> okkar ætla að kæfa [og] drepa alla lifandi hugsun, hvern snefil af efa um þeirra guðlegu visku, meðan þeir sjálfir gera allt sem þeir geta til að bæta sína eigin yfirburðastöðu með ruddalegri og skepnulegri ógnarstjórn ...

...Í landi okkar byggist allt á ógnarstjórn og níðingslegum svikum. Þorpsbúarnir vildu eignast jarðnæði en voru settir í nauðungarvinnu á samyrkjubúum. Menn stæra sig af að hér sé ekkert atvinnuleysi en það merkir að milljónir manna eru látnar vinna algerlega kauplaust til refsingar fyrir ýmsar smávægilegar yfirsjónir. Þeir grafa skipaskurði milli Hvítahafs og Eystrasalts, frá Volgu til Moskvu og milli Volgu og Dónár. Þeir leggja heilan tug mismunandi járnbrauta, saga og höggva niður skóga. Fyrir þetta fá þeir einungis lítinn brauðbita eins og „glæpamenn“, sem hljóta að deyja úr hungri ljúki þeir ekki tilskildum störfum. Þetta kalla menn „sósíalistíska vinnuskorpu“,

<sup>5</sup> [Hér er trúlega vísað til persónunnar Shígaljovs í *Djöflunum* eftir Dostojevskij fremur en skepnunnar, en því hefur verið haldið fram að hann hafi spáð fyrir um þróun kommúnismans undir stjórn Stalíns (ábending frá Árna Bergmann). Sjá *Djöflana* í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur, Reykjavík: Mál og menning, 2000, bls. 389–390.]

„vinnukeppni“ o.s.frv. En í rauninni er þetta aðeins skepnuleg barátta hinna hungruðu fyrir brauðmola, sykri, sælgæti, síld, smjöri [og] mjólk ...

Í sérhverri verksmiðju og á hverjum vinnustað eru mismunandi mötu-neyti. Í því þrifalegasta og þar, sem bestur matur er á boðstólnum, borðar forstjórinn, ásamt stjórnendum einstakra deilda, mikilvægum kommúnistum og mikilvægum verkfræðingum fyrirtækisins. Í þessum matsal er kostnaðurinn hlutfallslega minnstur. Annar matsalur er fyrir venjulega verkfræðinga, tæknifræðinga, aðalverkstjóra og miðlungi mikilvæga kommúnista. Þá er annar ætlaður þjónustumönnum og lægra settum starfsmönnum og enn annar er fyrir duglega verkamenn sem þræla sér út í skorpunum. Því betri sem matsalurinn er fyrir þá hærra settu, þeim mun betri og meiri er maturinn. Því fátæklegri sem hann er fyrir þá lægra settu, þeim mun skítugri er hann og allur matur verri og dýrari. Oft vantar þar bæði hnífa og gaffla og stundum einnig sinnep og fleira.“

*Bréfitari birtir eina skrá yfir mismunandi laun og aðra yfir verð helstu lífsnaúðsynja. Vegna plássleysis get ég því miður ekki birt þessar fróðlegu og merkilegu upplýsingar. Við getum þó að minnsta kosti sagt að þessi tafla sýni engin merki um afnám stéttaskiptingar í Stalínú, þvert á móti ...*

*Varðandi morð kommúnistans Nikolajevs á Kirov farast félagar okkar svo orð.<sup>6</sup>*

„Byssuskotið í Smolnij ætti að sýna verkamönnum heimsins, sem hafa verið blekkir með hinum sætu söngvum um ódýra skipaskurði, hið raunverulega „kommúnistíska“ frelsi í landinu. Strax eftir skotið voru hundruð svonefndra hvítliða handteknir og þeir teknir af lífi án dóms og laga ... Reyndar eru ennþá til menn með flokksskírteini upp á vasann, sem ekki hafa samþykkt að drepa sig, eins og t.d. félagi Skripnik gerði, heldur reyndu á ósvífinn hátt að koma þeim skilaboðum til öreiga alls heimsins að ekki dygðu aðrar aðferðir en skothrið á þá sem feta í fótspor ofsafenginna fasista. Nú beita menn andstyggilegum lygum gegn andósmönnum Zinovjev, Kamenev og öðrum og fullyrða að þeir séu gamlir fylgjendur keisaraveldisins, að árið 1917 hafi þeir sent heillaskeyti til erfingja krúnunnar o.s.frv. Hvers vegna er nauðsynlegt að beita svo andstyggilegum rógi?

Margir eru eflaust undrandi yfir því að sá sem skaut Kirov hefur játað allt og svikið félagar sína. En þeir verða að gera sér grein fyrir, að í hinum

<sup>6</sup> [Hér er vitnað til morðs Leonids Nikolajev á Sergej Kirov í Leníngrad þann 1. desember 1934.]

vægðarlausu rannsóknnum var mannum haldið vakandi í sjö sólarhringa, sem varð til þess að hann brjálaðist að lokum algerlega og játaði allt sem kvalarar hans fóru fram á að hann segði og staðfesti það meira að segja með undirskrift sinni.

Ekki er hægt að segja allt sem máli skiptir í bréfi; en það skaltu að minnsta kosti vita að þrátt fyrir blekkingar og lygi, sem beitt hefur verið í stórum stíl, þá hefur líf venjulegra verkamanna smám saman versnað og fjarlægst lífskjör þeirra sem hærra eru settir. Hver sá sem þorir að láta í ljós snefil af gagnrýni er ofsóttur miskunnarlaust ...

Hvað varðar atvinnuleysi, þá er engin tölfraði til um það og ekki til neins konar bætur vegna þess, en þú skalt ekki halda að atvinnuleysingjar séu ekki til ...

... Félagar! Við erum mjög undrandi yfir að öreigar rísi upp gegn fasisma en ekki gegn sjakalisma. Í rauninni eru fasistar aðeins lélegar eftirlíkingar sjakalanna ... Jafnvel flokksmenn, þrátt fyrir öll sín forréttindi aðalsmanna, eru farnir að skilja að sjakalisminn hneppir mannkynið í hræðilegan þrældóm. Vegna byssuskotsins í Leníngrad. Skjálfti grípur allan líkama manns frammi fyrir þeirri staðreynd að frelsisbarátta verkalýðsins endar í harðlæstu völundarhúsi ... Við esperantistarnir, sem börðumst fyrir byltingunni, vitum og finnum betur en nokkrir aðrir að allir hinir strangtrúðuðu eru einungis þrællundaðir þjónar stjórnenda ríkisins. ...“

„Rauður uppreisnarmaður.“

*Audvitað tekur þessi félagi ekki þátt í starfi P.E.K. þótt hann sé mikill þekulo<sup>7</sup> (þ.e. syndari) frammi fyrir Stalín og skósveinum hans í S.E.U. Félagar! Það er mín heilaga skylda sem trúvillingur að kynna einungis sannleikann um örlög hinna óbreyttu verkamanna og bænda í landinu (þ.e. Stalínú), sem eru arðrændir blygðunarlaust af hinum nýja flokki hjartalausra stjórnenda ríkisins, sem af bræsni hylja andlit sín með rauðri grímu um leið og þeir beita stöðugt fyrir sig slagorði byltingarinnar:*

*Burt með grímurnar!*

*Herezulo (Trúleysingi)*

*Kristján Eiríksson þýddi*

<sup>7</sup> [Lanti leikur sér hér með skammstöfunina PEK sem er sú sama og stofninn í ‚synd‘ séu ekki hafðir punktar á milli og merkir *þekulo* þá syndari (ulo: einstaklingur, áhangandi).]

